



**LUNDARSKÓLI**

*Ábyrgð · Virðing · Velliðan*

# Starfsáætlun Lundarskóla

Skólaárið 2024-2025

# Efnisyfirlit

---

Inngangur.....	4
Almennt um skólann.....	4
Áherslur skólaársins.....	5
Stjórnskipulag.....	5
Skipurit.....	5
Starfsfólk.....	6
Nemendur.....	7
Skóladagatal.....	8
Skýringar með skóladagatal.....	8
Skólareglur.....	9
Símareglur.....	9
Frístundaheimili.....	9
Mötuneyti.....	9
Tómstundastarf og félagslíf.....	10
Forföll og leyfi.....	10
Innra mat og umbætur.....	11
Áætlanir skólans.....	11
Tilhögun kennslu – nám og kennsla.....	11
Starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun starfsfólks.....	13
Rýmingaráætlun.....	13
Viðbragðsáætlanir.....	15
Starfsáætlun nemenda.....	15
Stundaskrá nemenda.....	15
Helstu viðburðir og vettvangsferðir.....	15
Viðtalsdagar.....	16
Félög og ráð.....	16
Skólaráð.....	16
Nemendafélag/ nemendaráð.....	17
Foreldrafélag.....	17
Forvarnarteymi.....	18
Valgreinar.....	18
Stoðþjónusta.....	19
Sérfræðiþjónusta.....	19
Skólaheilsugæsla.....	20

Fræðslu- og lýðheilsusvið.....	20
Samstarf við grenndarsamfélag.....	20
Samstarf við leikskóla .....	20
Samstarf við framhaldsskóla.....	21

# Inngangur

Hér gefur að líta starfsáætlun Lundarskóla fyrir skólaárið 2024-2025.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar með almennri stefnumörkun sem birtist í skólanámskrá og gildir í þrjú ár í senn og hins vegar upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs og birtast í árlegri starfsáætlun sem gefin er út á hverju hausti.

Í starfsáætlun er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið. Má þarf nefna helstu áherslur og markmið skólans yfir skólaárið, upplýsingar um starfsfólk og þjónustu, skipulag skólans, fyrirkomulag kennslu, hefðir og venjur.

Starfsáætlunin er á ábyrgð skólastjóra og unnin í samráði við starfsfólk skólans. Áætlunin er unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Akureyrarbæjar í skólamálum. Þá ber fræðslu- og lýðheilsuráð að fjalla um áætlunina og staðfesta gildistöku hennar.

Starfsáætlunin er birt á heimasíðu skólans þegar haustönn er hafinn. Hægt er að fá starfsáætlun útprentaða ef þess er óskað.

Með von um gott og árangursríkt skólastarf skólaárið 2024 – 2025.

Marianna Ragnarsdóttir, Fjóla Dögg Gunnarsdóttir og Helga Rún Traustadóttir,  
skólastjórnendur Lundarskóla.

## Almennt um skólann

Heimilisfang Lundarskóla er við Dalsbraut, 600 Akureyri

Opnunartími skólans er frá 7:50 – 16:00

Opnunartími skrifstofu er frá 7:45 – 15:30 mánudaga – fimmtudaga, 7:45 – 15:00 á föstudögum

Netfang: [lundarskoli@akureyri.is](mailto:lundarskoli@akureyri.is) ritari: [ma@akmennt.is](mailto:ma@akmennt.is)

Heimasíða : [Lundarskóli](#)

Símanúmer skóla: 4624888

Símanúmer húsvarðar: 8990308

Símanúmer frístundaheimilis: 4624560

Símanúmer íþróttahúss/sundlauga: Íþróttahús, 4623482/sundlaug Akureyrar, 4614455

Trúnaðarmenn: Stefán Smári Jónsson trúnaðarmaður kennara, Særún Guðgeirsdóttir trúnaðarmaður annars starfsfólks

Öryggistrúnaðarmaður: Valur Smári Friðfinnsson

# Áherslur skólaársins

Í Lundarskóla berum við ÁBYRGÐ á námi/starfi okkar og hegðun, við sýnum nemendum og starfsfólki VIRÐINGU og leggjum áherslu á VELLÍÐAN og almennt heilbrigði í okkar störfum. Í skólanum er unnið með SMT skólafærni og Heilsueflandi grunnskóla og hugmyndafræði um lærdómssamfélag.

Í skólanum er lögð áhersla á faglegt skólastarf, teymisvinnu og samstarf, heildstætt skipulag um nám, kennslu og námsmat. Starfs- og skólaþróun tekur ávallt mið af faglegu skólastarfi og í lok hvers skólaárs er umbótaáætlun skólans metin, endurskoðuð og mat lagt á frekari þörf til úrbóta. Næsta skólaár verður áhersla lögð á þróun leiðsagnaráms og teymisvinnu þar sem mat verður lagt á nám og kennslu í samræmi við áætlun um innra mat skólans. Einnig tekur skólinn sín fyrstu skref í að verða Réttindaskóli UNICEF.

## Stjórnskipulag

Skólastjóri Lundarskóla er *Marianna Ragnarsdóttir*

Deildarstjóri 6.-10. bekkjar og staðgengill skólastjóra er *Fjóla Dögg Gunnarsdóttir*


Deildarstjóri 1.-5. bekkjar er *Helga Rún Traustadóttir*

Verkefnastjóri námsaðlögunar er *Kristín Irene Valdemarsdóttir*

Verkefnastjóri ISAT er *Kristín Bergþóra Jónsdóttir*

Námsráðgjafi er *Hildur Mist Pálmarsdóttir*

## Skipurit



# Starfsfólk Lundarskóla skólaárið 2024 - 2025

## Nafn

Aðalheiður Reynisdóttir  
Alda Bjarnadóttir  
Almar Örn Halldórsson  
Anna Karen Sigurjónsdóttir  
Anna Kristbjörg Reykdal  
Anna María Alfreðsdóttir  
Anna Sigríður Eiríksdóttir  
Arna Heiðmar Guðmundsdóttir  
Aron Elí Kristjánsson  
Ágústa Kristjánsdóttir  
Birgitta Guðjónsdóttir  
Björg Jóna Sigtryggsdóttir  
Dagný Elfa Birnisdóttir  
Einar Árni Gíslason  
Elfa Rán Rúnarsdóttir  
Elfar Árni Aðalsteinsson  
Elín Berglind Skúladóttir  
Elín Brá Friðriksdóttir  
Elísa Dröfn V Tryggvadóttir  
Erna Rún Friðfinnsdóttir  
Ernir Elí Ellertsson  
Fjóra Björk Ottósdóttir  
Fjóra Dögg Gunnarsdóttir  
Friðgeir Guðmundsson  
Hafðís Unnsteinsdóttir  
Hákon Atli Aðalsteinsson  
Heiðbjört Ósk Ófeigsdóttir  
Helena Kristín Gunnarsdóttir  
Helga Guðrún Magnúsdóttir  
Helga Rún Traustadóttir  
Hildur Mist L Pálmarsdóttir  
Hilmar Trausti Arnarsson  
Hólmfríður Þorgeirsdóttir  
Hrafnhildur Una Guðjónsdóttir  
Hrefna Maren Jörgensdóttir  
Hulda Bryndís Tryggvadóttir  
Ilona Kaktina  
Inga Lilja Ólafsdóttir  
Ingibjörg Eyjólfsdóttir  
Íris Elfa Aðalgeirsdóttir  
Íris Ósk Tryggvadóttir  
Ísak Andri Maronsson Olsen  
Járnbrá Ólafsdóttir  
Jóhanna Elín Jósefsdóttir

## Starfsheiti

Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Matráður  
Hjúkrunarfræðingur  
Aðstoðar matráður  
Starfsmaður m. stuðning  
Skólaliði  
Grunnskólakennari  
Starfsmaður m. stuðning  
Sérkennari  
Íþróttakennari  
Starfsmaður m. stuðning  
Skólasafnskennari  
Starfsmaður m. stuðning  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Starfsmaður m. stuðning  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Starfsmaður m. stuðning  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Starfsmaður m. stuðning  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Deildarstjóri eldrastigs  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Starfsmaður m. stuðning  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Deildarstjóri  
Námsráðgjafi  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Starfsmaður í mötuneyti  
Grunnskólakennari  
Grunnskólakennari  
Starfsmaður m. stuðning  
Grunnskólakennari  
Starfsmaður m. stuðning  
Aðstoðarmatráður  
Umsjónarmaður frístundar

Jón Aðalsteinn Brynjólfsson	Grunnskólakennari
Jón Heiðar Magnússon	Grunnskólakennari
Jónína Vilborg Karlsdóttir	Grunnskólakennari
Karen María Sigurgeirsdóttir	Starfsmaður m. stuðning
Karina E. Hurtado Alvarado	Skólaliði
Katrín Jóna Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Kristín Bergþóra Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Kristín Irene Valdemarsdótti	Grunnskólakennari
Lilja Björg Geirsdóttir	Starfsmaður m. stuðning
Logi Gautason	Starfsmaður m. stuðning
Margrét Magnúsdóttir	Grunnskólakennari
María Arngrímsdóttir	Ritari 2
María Ýr Donaire	Skólaliði
Marianna Ragnarsdóttir	Skólastjóri
Maryam Holton	Grunnskólakennari
Ragna Kristín Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Regína Sveinbjörnsdóttir	Starfsmaður m. stuðning
Rósa Karlsdóttir	Grunnskólakennari
Sigfríð Einarsdóttir	Grunnskólakennari
Sigríður María Magnúsdóttir	Grunnskólakennari
Sigrún María Bjarnadóttir	Grunnskólakennari
Silvía Rán Sigurðardóttir	Starfsmaður m. stuðning
Sindri Þór Skúlason	Starfsmaður m. stuðning
Stefán Smári Jónsson	Grunnskólakennari
Steinþór Snær Jóhannsson	Starfsmaður m. stuðning
Sunna Svansdóttir	Þroskaþjálfari
Svala Dröfn Árnadóttir	Skólaliði
Særún Guðgeirsdóttir	Starfsmaður m. stuðning
Valur Smári Friðvinsson	Húsvörður
Víkingur Hjartarson	Kerfis/tölvuumsjónarmaður
Vordís Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari
Þórhalla Ásgeirsdóttir	Grunnskólakennari

## Nemendur

Í ágúst 2024 voru nemendur skólans 476 þar af 246 drengir og 230 stúlkur. Hér eru nánari upplýsingar um fjölda nemenda í bekk.

1. bekkur: 39 nemendur þar af 14 drengir og 25 stúlkur
2. bekkur: 47 nemendur þar af 27 drengir og 20 stúlkur
3. bekkur: 43 nemendur þar af 26 drengir og 17 stúlkur
4. bekkur: 46 nemendur þar af 19 drengir og 27 stúlkur
5. bekkur: 47 nemendur þar af 28 drengir og 19 stúlkur
6. bekkur: 51 nemendur þar af 25 drengir og 26 stúlkur
7. bekkur: 69 nemendur þar af 32 drengir og 37 stúlkur
8. bekkur: 39 nemendur þar af 19 drengir og 20 stúlkur

9. bekkur: 57 nemendur þar af 31 drengir og 26 stúlkur  
10. bekkur: 38 nemendur þar af 25 drengir og 13 stúlkur

## Skóladagatal

Skóladagatal Lundarskóla er að finna á eftirfarandi slóð:

<https://www.lundarskoli.is/static/files/2024/2.-tillaga-skoladagatal-2024-2025-lundarskoli.pdf>

### Skýringar með skóladagatali

13. - 14. ágúst – sameiginlegur námskeiðsdagur kennara á Akureyri  
15. - 21. ágúst – starfsdagar kennara í Lundarskóla  
22. ágúst – skólasetning  
2. september – útivistardagur í Lundarskóla  
9. - 11. október – þemadagar  
11. október – afmæli Lundarskóla  
17. – 18. október - starfsdagar  
21. - 22. október - haustfrí  
5. nóvember – viðtalsdagur (Skertur nemendadagur)  
29. nóvember – jólaundirbúningur  
20. desember - litlu jól (Skertur nemendadagur)  
23. desember – 2. janúar – jólafrí  
3. janúar – starfsdagur  
17. febrúar – starfsdagur  
26. – 27. febrúar – viðtalsdagur (Skertir nemendadagar)  
5. mars - frídagur/Öskudagur  
6. - 7. febrúar – vetrarfrí  
17. mars - útivistar- eða skíðadagur  
7. – 8. apríl – Generalprufa fyrir árshátíð  
9. apríl – árshátíð (Tvöfaldur skertur nemendadagur)  
10. apríl - árshátíð (Skertur nemendadagur)  
14. - 16. apríl – páskafrí  
30. maí – starfsdagur  
3. júní - uppbrotsdagur/Fjölgreindaleikar  
4. júní – uppbrotsdagur  
5. júní – Skólaslit (Skertur nemendadagur)



6. - 11. júní – starfsdagar kennara

## Skólareglur

Skólareglur Lundarskóla er að finna á eftirfarandi slóð:

<https://www.lundarskoli.is/is/nemendur/skolareglur>

## Símareglur

Símafrí er í grunnskólum Akureyrar. Nemendur geyma símann sinn heima, í töskum eða læstum skápum á skólatíma. Símafrí á við um alla nemendur í öllum grunnskólum Akureyrarbæjar og nær yfir síma og önnur snjalltæki sem trufla kennslu og einbeitingu. Símar eða önnur snjalltæki eru ekki leyfð á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð. Leiðin milli skóla og íþróttamannvirkja telst til skólalóðar.

Á föstudögum er nemendum á unglingsstigi heimilt að nota síma og önnur snjalltæki í frímínútum á skilgreindum svæðum. Skilgreind svæði í Lundarskóla eru opin rými (gangar og matsalur).

Hér er slóð á reglur um símafrí

<https://www.lundarskoli.is/static/files/2024/veggspjald-eldri-nemendur.png>

## Frístundaheimili

Frístund er tilboð fyrir nemendur í 1. - 4. bekk og er hluti af skólastarfinu og fylgir stefnu skólans. Börnin eiga kost á dvöl í Frístund eftir að skólatíma líkur til kl. 16:15. Á heimasíðu skólans má finna nánari upplýsingar um Frístund, skipulag og starfsemi.

Hér er slóða á síðu frístundar.

<https://www.lundarskoli.is/is/thjonusta/fristund>

Skóladagatal frístundar er að finna á eftirfarandi slóð:

[https://www.lundarskoli.is/static/files/2024/fristund\\_dagatal\\_24-25.pdf](https://www.lundarskoli.is/static/files/2024/fristund_dagatal_24-25.pdf)

## Mötuneyti

Lundarskóli býður upp á heitan mat í hádeginu ásamt veglegum salatbar þar sem áhersla er lögð á hollan og næringarríkan mat. Alla morgna býðst nemendum og starfsfólki að fá sé hafragraut í mötuneyti skólans gjaldfrjálst. Grauturinn er borinn fram frá kl. 07:45-08:05 en einnig geta nemendur á unglingsstigi fengið sér graut í frímínútum kl. 09:30.

Hægt er að skrá sig í áskrift í mat, ávöxt og mjólk og fer skráning fram í <https://matur.vala.is/umsokn>

Hér er slóða á síðu mötuneytis Lundarskóla:

<https://www.lundarskoli.is/is/thjonusta/motuneyti>

## Tómstundastarf og félagslíf

Ómetanlegt er fyrir nemendur að taka þátt í félagsstarfi skólans. Við slíka þátttöku öðlast nemendur sterkari sjálfsmynd og færni í samskiptum. Þeir þurfa að taka ábyrgð á eigin gerðum og annarra, taka sjálfstæðar ákvarðanir og standa fyrir máli sínu. Einnig þurfa þeir rökstyðja skoðanir sínar þannig að aðrir skilji og vera færir um að koma fram fyrir hóp með skýr og skilmerkileg skilaboð. Nemendur öðlast einnig færni í leiðtogahlutverkinu, að leiða jafningja sína og starfa saman í hópum.

Salur Lundarskóla er fjölnota salur í stjórnunarálfmu skólans. Þar eru haldnir dansleikir, hátíðasamkomur, leiksýningar, fundir, tónleikar og aðrir viðburðir sem ekki teljast til hefðbundins skólastarfs. Salurinn er einnig matsalur nemenda. Bekkjarkvöld eru ýmist haldin í stofum nemenda eða í salnum.

**Dansleikir:** Á hvorri önn er gert ráð fyrir a.m.k. einum dansleik fyrir yngsta stig og öðrum fyrir miðstig. Auk þess er gert ráð fyrir nokkrum dansleikjum fyrir unglíngastigið á skólaárinu og lýkur þeim kl. 23:30 en árshátíð unglínganna kl. 24:00. Nemendur 10. bekkjar halda dansleikina. Með því afla þeir fjár fyrir ferðasjóð 10. bekkjar. Umsjónarkennarar 10. bekkjar hafa umsjón með skipulagningu og gæslu. Leitað er til foreldra um aðstoð við gæslu.

**Árshátíð:** Árshátíðin verður 9. og 10. apríl 2025.

**Fundir:** Ýmsir fundir með nemendum og fræðslufundir fyrir nemendur, s.s. um forvarnir.

**Félagsstarf á vegum foreldra:** Fulltrúar foreldra í bekkjarráðum skipuleggja félagsstarf með bekkjum og árgöngum.

**Félagsstarf á vegum Akureyrarbæjar:** Félagsmiðstöðin Trója er staðsett í Rósenborg og er sameiginleg félagsmiðstöð fyrir Brekkuskóla, Lundarskóla, Naustaskóla og Oddeyrarskóla. Einnig hefur félagsmiðstöðin verið með opið hús í Lundarskóla fyrir nemendur í 8. bekk.

Félagsmiðstöðin býður upp á opið starf fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi þar sem nemendur sækja sjálfi og eru undir handleiðslu starfsmanna sem sjá um og skipuleggja viðburði í samvinnu við nemendur. Einnig er í boði öflugt klúbbastarf sem fer fram að hluta utan hefðbundins opnunartíma. Öllum er velkomið að taka þátt í klúbbastarfinu og hægt er að skrá hjá starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar.

## Forföll og leyfi

Leyfi í 3 daga eða lengur skal sækja um til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra, sem veitt geta leyfið í samráði við umsjónarkennara. Athygli skal vakin á því að skv. 15. gr. grunnskólalaga frá 2008 er öll röskun á námi sem hlýst af leyfum frá skóla á ábyrgð foreldra eða forráðamanna. Þar segir um tímabundna undanþágu barns frá skólagöngu: „Forráðamaður skal sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á undanþágu stendur.“

Hér er hlekkur á leyfisbeiðni.

<https://www.lundarskoli.is/is/foreldrar/beidni-um-leyfi>

Önnur forföll sbr. veikindi skal tilkynna daglega með því að hringja í ritara skólans í síma 462-4888. Einnig er hægt að skrá á Mentor veikindi 1 dag í senn. Leyfir í 2 daga eða skemur er hægt að fá með því að hafa samband við umsjónarkennara eða hringja í ritara skólans og biðja um leyfi.

# Innra mat og umbætur

---

Í Lundarskóla er starfandi gæðaráð sem fylgir eftir innra mati í skólanum og sér um að taka saman gögn og upplýsingar um matsþætti skólans hverju sinni, skrifa skýrslu og gera umbótaáætlun. Gæðaráðið fylgir lögum og reglum um innra mat í skólum skv. grunnskólalögum.

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólaþróun ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi.

Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, mannauð, stjórnun, skólabrag og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans og miða að skóla sem lærdómssamfélagi. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fjögurra ára þar sem mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áhersluþætti fyrir sig er stuðst við gæðaviðmið menntastefnu Akureyrar og gátlista frá Menntamálastofnun varðandi innra mat.

Hér er slóð á skýrslu gæðaráðs og umbótaáætlun. Skýrslan var birt á heimasíðu skólans 21. júní 2024.

<https://www.lundarskoli.is/static/files/2024/2024-lundarskoli-skyrsla-gaedarads-og-umbotaaaetlun.pdf>

## Áætlanir skólans

---

### Tilhögun kennslu – nám og kennsla

Starfsmenn skólans starfa í teyrum í því skyni að auka gæði kennslu og koma betur á mótis við ólíkar þarfir nemenda, m.a. með fjölbreyttum kennsluháttum og námsmatsleiðum. Einnig er teymisvinna liður í því að auka faglega samræðu kennara og rjúfa einangrun. Þannig myndast lærdómssamfélag í skólanum sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi.

Leiðsagnarnám hefur verið í þróun í skólanum síðustu misseri þar sem áhersla er lögð á að efla almenna námshæfni nemenda og innleiða kennsluaðferðir sem stuðla að menntun fyrir alla. Megin markmiðin eru að efla trú nemenda á námi, auka sjálfstæði þeirra og ábyrgð, ásamt því að auka samstarfshæfni nemenda í námi.

Almennar áherslur í skólastarfi Lundarskóla taka mið af grunnþáttum menntunar, lykilhæfni og námi nemenda samkvæmt áherslum aðalnámskrár grunnskóla og menntastefnu Akureyrar. Í námsvísi skólans koma fram upplýsingar um grunnþætti menntunar, lykilhæfni, nám og kennslu, námsmat og viðmið um námsmat. Námsvísir er einnig starfsáætlun fyrir nemendur og kennarar í árgöngum.

### **Grunnþættir menntunar**

Í skólanámskrá koma fram áhersluþættir sem tengjast grunnþáttum menntunar í samræmi við menntastefnu sem birtist í aðalnámskrá grunnskóla. Þar kemur fram að

grunnþættirnir læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun eigi að fléttast inn í námskrá á öllum skólastigum. Í Lundarskóla eru

þessir þættir fléttaðir inn í inntak náms og kennslu, vinnubrögð og mat á námi og skólastarfi. Einnig tekur stefna og sýn skólans mið af þessum þáttum og birtist hún í

námskrá hvers árgangs fyrir sig ásamt áætlunum skólans um SMT, heilsueflandi grunnskóla og læsi.

Læsi: Nemendur og kennarar taka allir þátt í læsi í viðtækum skilningi í námi og starfi. Læsi er mikilvægur þáttur í öllu námi, kennslu og samskiptum í samfélaginu.

Áhersla er á að nemendur geti miðlað þekkingu og leikni sinni, flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og tekið þátt í samræðum og rökræðum. Einnig er áhersla lögð á

tæknilæsi, umhverfislæsi, félagslegt læsi, tilfinningalæsi og myndlæsi.

Sjálfbærni: Menntun nemenda tekur mið af verkefnum sem tengjast umhverfi, félagslegum þáttum, þróun efnahags og samfélags. Við leggjum áherslu á ábyrga

hegðun i tengslum við umhverfi, samfélag og samfélagslega hegðun okkar og umgengni með virðingu og vellíðan að leiðarljósi.

Heilbrigði og velferð: Lundarskóli er heilsueflandi grunnskóli þar sem áhersla er lögð á hreyfingu og andlega og líkamlega vellíðan. Áhersla er á hollt og gott nesti,

markvissa hreyfingu í námi nemenda og velferð. Nemendur hafa einnig val um að stunda aukna hreyfingu í valgreinum.

Lýðræði og mannréttindi: Nemendur og kennarar taka þátt í lýðræðislegu skólastarfi þar sem skoðanir einstaklinga fá að njóta sín. Bekkjarráð er viðhafðir

reglulega í skólastarfi, samstarf við foreldra í gegnum foreldra- og bekkjarráð er gott ásamt skólaráð og nemendaráð. Lífsleikni er fléttuð inn í nám og SMT stefnu

skólans.

Jafnrétti: Nám og kennsla tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga. Nemendur eiga að fá nám við hæfi og lagt er upp með að einstaklingar fái að þroskast og dafna á

eigin forsendum. Námsumhverfi er aðlagð eftir þörfum eins og kostur er og stuðlað er að félagslegum skilningi nemenda og starfsfólks á fötlun, fjölmenningu,

ólíkum einstaklingum og menningu þjóðfélagsþegna.

Sköpun: Sköpun í skólastarfi tengist samhæfingu hugar og handar. List- og verkgreinar eru hluti af grunnmenntun nemenda og samþætting námsgreina er viðhöfð.

Sköpun birtist í hugsun, verklegri framkvæmd og afrakstri nemenda í námi í öllum greinum.

Hér er slóð á námsvísi Lundarskóla

<https://www.lundarskoli.is/static/files/2021/2021-2022/namsvisir-lundarskola.pdf>

## Starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun starfsfólks

Lundarskóli styður starfsmenn í viðleitni þeirra til að ná sem bestum árangri í skólastarfinu og besta mögulegum árangri með nemendum skólans. Með þetta að leiðarljósi skal leita að sterkum hliðum starfsmanna, virkja þær og styrkja.

Starfsþróunar- og endurmenntunaráætlun skólans tekur mið af lögum grunnskóla að kennarar og skólastjórar skuli eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína og kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum.

Megin markmið starfsþróunar og endurmenntunar eru að:

- Styrkja starfsmenn í því starfi sem fram fer innan skólans.
- Viðhalda og bæta menntun starfsmanna, auka þeim víðsýni, persónulega lífsfyllingu og vellíðan í leik og starfi.
- Styrkja menntun/starfsþróun- og endurmenntun starfsmanna í samræmi við óskir þeirra sjálfra og í samræmi við stefnu skólans.

Hér er slóð á starfsþróunar og endurmenntunaráætlun skólans 2023 - 2026.

<https://docs.google.com/document/d/1I0gS8hTD5FvKoMH3k0A6-8CLUjb5kJGiDWJ7o0D03XQ/edit>

## Rýmingaráætlun

Heildaráætlun eldvarna í Lundarskóla er eftirfarandi:

Eftirlitsmaður frá slökkviliðinu tekur árlega út húsnæði skólans og gerir tillögur um úrbætur sé brunavörnum að einhverju leyti ábótavant. Eftirlitsmaðurinn aðstoðar stjórnendur skólans við endurskoðun rýmingaráætlunar, skipuleggur með þeim rýmingaræfingar og metur þær ásamt þeim slökkviliðsmönnum sem að æfingunni koma hverju sinni.

Í lögum um Brunavarnir og brunamál nr. 75/2000 og Byggingarreglugerð nr. 441/1998 kemur fram að í skólahúsnæði skulu vera brunaviðvörðunarkerfi og áætlanir um rýmingu húsnæðis beri eldsvoða að höndum.

Í Lundarskóla er brunaviðvörðunarkerfi sem tengt er Securitas. Fari kerfið í gang er unnið skv. rýmingaráætlun skólans. Ef um staðfestan eld er að ræða þá fær slökkvilið strax tilkynningu og vinnur samkvæmt áætlun um útköll. Innan tveggja mínútna er gert ráð fyrir að slökkvibíll leggi af stað frá stöðinni. Þá mun lögreglan einnig koma að skólanum.

Starfsfólk Lundarskóla hefur í samvinnu við eldvarnareftirlit Slökkviliðs Akureyrar gert áætlun um rýmingu skólahúsnæðisins. Þar er mælt fyrir um hvernig nemendur, starfsfólk og aðrir sem í skólanum eru skuli bregðast við ef fyrirmæli eru gefin um að rýma húsnæðið. Gert er ráð fyrir tveimur rýmingaræfingum á hverju skólaári, í október og í mars. Þær fara fram í samvinnu við eldvarnareftirlitið, slökkviliðið og lögregluna. Fyrir æfingarnar fræða kennarar nemendur sína um eldvarnir, kynna þeim rýmingaráætlunina

og hafa æfingu í að rýma skólann á skipulegan hátt. Til að rýmingaræfingar hafi sem mest gildi er nauðsynlegt að allir taki þær alvarlega og fari að fyriræfingum. Gott er að foreldrar ræði tilgang og mikilvægi æfinganna við börn sín. Komi fram ábendingar um eitthvað sem betur má fara tekur öryggisnefnd skólans þær til skoðunar.

### Mikilvægt:

Þegar neyðarhringing heyrst verða ALLIR að bregðast við eins og um bruna sé að ræða.

- Á öllum svæðum í Lundarskóla hanga upp leiðbeiningar fyrir hvert svæði ásamt teikningum af útgönguleiðum.
- Rýmingaræfingu skal halda tvisvar á hverju skólaári.

### Ábyrgð:

- Húsvörður sér um að sýna nýjum starfsmönnum slökkvitæki og útgönguleiðir.
- Húsvörður sér um að allar útgönguleiðir séu alltaf færar.
- Húsvörður ber ábyrgð á að slökkvitæki séu yfirfarin á hverju ári
- Allir starfsmenn bera jafna ábyrgð á að rýma húsnæðið.
- Kennari/forfallakennari ber ábyrgð á sínum umsjónarþekki á svæði bekkjarins þegar búið er að rýma skólahúsnæðið og nafnakalli meðan á æfingu stendur.

### Aðgerðir

1. **Viðvörðunarkerfið fer í gang:** Húsvörður og skólastjóri skoða stjórnstöð kerfisins, slökkva á bjöllunni og kanna hvaðan boðin koma. Allir fara í viðbragðsstöðu. Ritarar eru í sambandi við Securitas á meðan leitað er skýringa á því að kerfið fór í gang. Þeir tilkynna Securitas.
2. **Viðvörðunarkerfið fer aftur í gang:** Skólinn rýmdur samkvæmt áætlun. Öll rými rýmd. Útgönguleið könnuð, byrjað á að athuga hvort hurðin sé heit eða hvort reykur sé. Kennari tekur nafnakall. Nemendur fara út í einfaldri röð, kennari fer síðastur með mætingalistann og lokar hurðinni, læsir ekki. Ef björgunarop er eina leiðin út er nemendum í kjallara hjálpað út en á efri hæðum er beðið eftir aðstoð. Nemendur fara á sinn stað á grasfótboltavellinum. 1. bekkur austast (næst skólanum) og 10. bekkur vestast (fjærst skólanum). Aðrir bekkir þar á milli í rétttri röð. Þar taka kennarar manntal aftur og koma skilaboðum ef einhvern vantar til þeirra sem eru við aðalanddyri skólans. Starfsfólk sem stadd er annars staðar í skólahúsinu fer út skv. áætlun og aðstoðar við að koma nemendum í raðir og að halda hurðum opnum ef þarf. Allir aðrir aðstoða við að halda nemendum á sínum stað. Skólaliðar rýma snyrtingar og loka dyrum þar inn - læsa ekki. Ef nemendur eru á snyrtingum safnar skólaliði þeim saman og fylgir þeim út um næstu útidyr og til sinnar bekkjardeildar. Skólaliðar verða staðsettir fyrir framan útganga og varna því að farið sé inn í skólann. Beðið eftir tilkynningu frá skólastjórnendum um næstu skref.

Húsvörður, ritarar og skólastjórnendur eru staðsettir við aðalanddyri skólans.

Stjórnendur aflýsa hættuástandi úti með því að veifa höndum eftir að ákvörðun hefur verið tekin um það.

### Ef eldur kemur upp í frímínútum:

1. Skólaliðar á göngum fara í allar stofur og snyrtingar og ganga úr skugga um að enginn nemandi sé inni. Séu nemendur inni er þeim safnað saman í einfalda röð og skólaliði fylgir þeim út um næstu útgöngudyr - loka stofunum - læsa ekki. Skólaliðar fara síðastir út. Aðrir sem eru í

skólahúsnæðinu fara út skv. áætlun og aðstoða þegar út er komið. Umsjónarkennarar finna sinn hóp og koma þeim á réttan stað.

2. Í löngu frímínútum hjá unglíngastiginu: Þeir sem eru fyrir framan salinn fara í salinn og þaðan út. Skólaliðar á tengigangi uppi safna nemendum saman og senda þá út um næsta útgang. Fara svo inn á A-gang og aðstoða nemendur við að fara út að sunnan.
3. Þeir sem eru á útivakt sjá til þess að enginn fari inn, taka á móti nemendum við útganga og vísa þeim á réttan stað. Safna nemendum saman vestan við skólann og byrja að raða nemendum upp.

## Viðbragðsáætlanir

Í Lundarskóla er almenn viðbragðsáætlun sem segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða ef hættuástand kemur upp í Lundarskóla. Viðbragðsáætlunin er verkfæri sem beitt er til að styðja við aðgerðir til að takast á við ýmiss konar alvarlega atburði. Slíkir atburðir geta verið eftirfarandi:

- Hópslys
- Ofbeldi (s.s. árás með skot- eða eggvopni, gíslataka, sprengjuhótun/sprenging, sjálfsvígshótun)
- Sótt, mengun, eitur, geislar
- Náttúruhamfarir
- Eyðilegging eða tjón á byggingu Lundarskóla (t.d. vegna, bruna eða vatnstjóns)
- Annað/óþekkt

Hér er slóð á viðbragðsáætlun Lundarskóla:

[https://www.lundarskoli.is/static/files/2023/vidbragdsaaetlun-lundarskola\\_uppfaert23.pdf](https://www.lundarskoli.is/static/files/2023/vidbragdsaaetlun-lundarskola_uppfaert23.pdf)

Hér slóð á viðbrögð í grunnskólum þegar tvísýnt er um færð og veður:

<https://www.lundarskoli.is/is/foreldrar/vont-vedur/ovedur>

## Starfsáætlun nemenda

---

### Stundaskrá nemenda

Stundakrá nemenda er á Mentor, læstu svæði nemenda, foreldra og starfsfólks skólans.

Hver nemandi hefur aðgang að sínu svæði á Mentor. Einnig hafa foreldrar aðgang að svæði barna sinna. Á Mentor eru upplýsingar um stundatöflu, námsmat, ástundun og heimanám.

### Helstu viðburðir og vettvangsferðir

Nokkur viðburðir og vettvangsferðir eru á skóladagatali skólans þar sem nemendur og starfsfólk tekur þátt í. Helstu viðburðir og vettvangsferðir á skólaárinu 2024 – 2025 eru eftirfarandi:

- Útivistardagur/göngudagur verður 2. September. Þá fara nemendur í ólíkar göngu- eða vettvangsferðir sem hæfa getur og aldri.
- Í september verður Ólympíuhlaup ÍSÍ, verkefnið göngum í skólann. Allir nemendur fá tækifæri til að taka þátt.

- 50 ára afmælishátíð Lundarskóla verður þann 11. október. Afmælishátíðin verður haldin í lok þemadaga sem verða í vikunni fyrir afmælið.
- Haustfrí nemenda verður 21. og 22. október. Nemendur fá tækifæri til að fara í frí og njóta samvistar með foreldrum/forráðamönnum.
- Samtöl verða 5. nóvember þar sem nemendur ásamt foreldrum koma í vital við kennara um nám og líðan.
- Litlu jólin verða haldin hátíðleg 20. desember. Hugguleg stund í stofu með umsjónarkennurum og dansað í kringum jólatré.
- Samtöl verða 26. og 27. þar sem nemendur ásamt foreldrum koma í vital við kennara um nám og líðan (nemendastýrð samtöl).
- Vetrarfrí nemenda verður 6. og 7. mars. Nemendur fá tækifæri til að fara í frí og njóta samvistar með foreldrum/forráðamönnum. Auka frídagur veður samliggjandi vetrarfrí þann 5. mars.
- Útivistardagur/skiðadagur verður 17. mars þar sem nemendur fara á skíði eða skauta ef það verður í boði.
- Árshátíð skólans verður í formi árshátíðarviku og undirbúnings þann 7. – 10. apríl. Nemendur æfa atriði til að sýna á sviði og bjóða aðstandendum sínum á sýningar.
- Í maí verður nokkuð um öðruvísi daga og vettvangsferðir fyrir ólíka námshópa. Þar má nefna frjálsíþróttamót, fótboltamót, ferð í kartöflugarðana, skógarferð og fl.
- Skólaferðalag 10. bekkjar verður í lok maí þar sem nemendur ásamt kennurum fara í skipulagða ferð í samstarfi við foreldra.
- Reykjaferð 7. bekkjar verður í mars og þá fara nemendur í skólabúðir og vinna að námsverkefnum þar.
- Fjölgreindaleikar verða haldnir 3. júní þar sem nemendur vinna í þvert á árganga að ólíkum verkefnum. Stöðvavinna sem tekur mið af ólíkum greindum og færni í leik og starfi.
- Skólaslit veðra 5. júní. Skólaárinu lokið og nemendur í 10. bekk útskrifaðir.

## Viðtalsdagar

Nemenda- og foreldra verða tvisvar á skólaárinu. Það er í 5. nóvember 2024 og 26. eða 27. febrúar 2025 en það fer eftir því hvenær foreldrar/forráðamenn skrá sig í viðtal með sínu barni. Gert er ráð fyrir 20 mínútna viðtal hverju sinni þar sem foreldrar/forráðamenn og nemendur ræða við umsjónarkennara um nám og líðan nemenda í skólanum. Foreldrar/forráðamenn bóka sjálfir viðtalstíma hjá umsjónarkennara í gegnum [www.mentor.is](http://www.mentor.is).

Á viðtalsdögum mæta nemendur aðeins í vitölin og engin hefðbundin kennsla fer fram á viðtalsdögum. Frístund er ávallt opin á viðtalsdögum og þá þarf að skrá sérstaklega í hana.

## Félög og ráð

---

### Skólaráð

Samkvæmt 8. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal skipa skólaráð við hvern grunnskóla.

Skólaráð Lundarskóla hefur það hlutverk að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Það tekur m.a. þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Veitir



umsagnir um áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Fundargerðir ráðsins eru birtar á heimasíðu skólans og hér er slóð á síðu skólaráðs:

<https://www.lundarskoli.is/is/thjonusta/skolarad>

#### Skólaráð Lundarskóla veturinn 2024 - 2025:

Skólastjóri: Maríanna Ragnarsdóttir

Fulltrúar kennara: Stefán Smári Jónsson og Jónína Vilborg Karlsdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Særún Guðgeirsdóttir

Fulltrúar nemenda: Ólafur Ingi Kjartansson og Benedikt Már Þorvaldsson

Fulltrúar Foreldra: Drífa Björk Radiskovic og Valgerður Húnbogadóttir

Fulltrúi grenndarsamfélagsins eða viðbótarfulltrúi foreldra: Helga Ragnheiður Gunnlaugsdóttir

## Nemendafélag/ nemendaráð

Í Lundarskóla er starfrækt nemendaráð en það vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda í skólanum. Í ráðinu sitja fulltrúar nemenda úr 7.-10. bekk. Umsjón með nemendaráði: Stefán Smári Jónsson grunnskólakennari.

Hér er slóða á nánari upplýsingar um nemendaráð skólans:

<https://www.lundarskoli.is/is/nemendur/nemendarad>

Nemendaráð skólaárið 2024-2025 skipa:

7. bekkur: Kristinn og Arndís Margrét

Vara: Heiðar og Katla

8. bekkur: Þórdís og Maron Már

Vara: Ýma

9. bekkur: Benedikt og Ásta

Vara: Steinar og Sigyn

10. bekkur: Lára Júlía og Ólafur Ingi

Vara: Karel Þór og Helgi Fannar

## Foreldrafélag

Við Lundarskóla er starfandi foreldrafélag sem hefur það hlutverk að stuðla að góðu samstarfi milli heimila og skóla og stuðla að velferð og vellíðan nemenda í skólanum. Einnig er foreldrafélagið vettvangur fyrir foreldra að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi skóla, menntun og uppeldismál.

Hér er slóð á upplýsingar um foreldrafélagið og þar má finna lög félagsins.

<https://www.lundarskoli.is/is/foreldrar/foreldrafelag>

## Forvarnarteymi

Forvarnarteymi Lundarskóla hefur það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda. Teyminu er ætlað að vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræður og tryggja þannig að þekking og þjálfun sé viðhaldið eins og þörf er fyrir.

Mikilvægt er jafnframt að teymið leitist við að stuðla að samhæfðum viðbrögðum starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og einstaklinga þar sem greint er frá ofbeldi. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Í teyminu eru skólastjórnandi, kennari sem heldur utan um og stýrir nemendaráði, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, tengiliður við félagsmiðstöð. Einnig eru kallaðir til aðilar eftir þörfum s.s. sálfræðingur, sérkennari og fl. ef við á.

Hlutverk og helstu verkefni forvarnarteymisins er að:

- Tryggja kennslu til allra árganga grunnskólans um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda ásamt því að sjá til þess að starfsfólk skólans fái fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni.
- Leitast við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
- Vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjá um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.
- Gera áætlun um forvarnakennslu til allra árganga fyrir hvert skólaár í samvinnu við skólastjórnendur.
- Sjá til þess að fyrir hendi sé áætlun um viðbrögð þegar börn greina frá áreitni eða ofbeldi eða grunur vaknar um slíkt og uppfærir hana eftir þörfum og kynnir fyrir starfsfólki.
- Tryggja að starfsfólk fái lágmarksfræðslu á netnámskeiði Barna- og fjölskyldustofu. Markmiðið er að 90% alls starfsfólks hafi í árslok 2025 lokið þessu námskeiði.

## Valgreinar

Skólaárið 2024 – 2025 verður boðið upp á fjölbreytt úrval valgreina fyrir nemendur í 8. – 10.bekk. Von okkar er sú að allir geti fundið sér áhugaverðar og spennandi greinar. Það er mikilvægt að nemendur ræði hugmyndir sínar við foreldra eða forráðamenn, velji eftir eigin sannfæringu og séu sjálfstæðir í því sem þeir velja. Hafa ber í huga að valgreinar eru jafn mikilvægar og aðrar námsgreinar í skólanum. Kröfur um ástundun og árangur eru jafn miklar og í öðrum greinum.

Flestar greinar eru opnar fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk en þó eru nokkrar einungis fyrir 9. og 10. bekk. Hver grein er kennd tvær kennslustundir á viku. Nemandi velur núna fyrir næsta haust og svo verður valið aftur í nóvember fyrir vorönnina. Hver nemandi í 8. – 10. bekk þarf að skila 37 kennslustundum á viku, þar af eru 6-8 kennslustundir af þessum 37 kenndar í valgreinum.

Nánari upplýsingar um valgreinar má eru hér á eftirfarandi slóð.

<https://giljaskoli.wixsite.com/valgreinar-akureyri>

## Stoðþjónusta

---

### Sérfræðiþjónusta

Stoðþjónusta í Lundarskóla stuðlar að velferð barna í Lundarskóla. Börn og foreldrar sem á þurfa að halda eiga að hafa aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Samþætt þjónustu í þágu farsældar barns er skipulögð og samfelld og hefur það markmið að skapa heildarsýn og ramma um þau þjónustukerfi sem skipta mestu máli fyrir farsæld barna.

Vakni áhyggjur af námi, hegðun, félagslegri stöðu eða líðan barna eru ýmis úrræði til innan skólans. T.d. getur námsráðgjafi eða hjúkrunarfræðingur komið að málum eða SMT lausnateymi skólans. Ef málin varða einelti geta kennarar/foreldrar að óskað eftir stuðningi frá eineltisteymi skólans.

Skólinn og foreldrar geta sótt sér ýmsa þjónustu / ráðgjöf utan skólans ef áhyggjur vakna varðandi nám, hegðun, félagslega stöðu eða líðan nemenda. Skólinn leitar til fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar í gegnum tilvísanakerfi og geta foreldrar því leitað til skólans ef áhyggjur vakna.

**Lausnateymi:** Við skólann er starfandi lausnateymi sem hluti af SMT skólafærni. Í lausnateyminu sitja tveir kennarar, námsráðgjafi og deildarstjóri unglingastígs. SMT lausnateymið vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa. Kennarar geta óskað eftir stuðningi teymisins við lausn einstaklingsmála eða málefna hópa.

Í Lundarskóla er unnið með eineltismál eftir ætlun gegn einelti. Hér er slóð á áætlun skólans gegn einelti: [https://www.lundarskoli.is/static/files/2020/adgerdaraetlun-gegn-einelti-og-ofbeldi-i-lundarskola\\_uppfaert2020\\_pdf.pdf](https://www.lundarskoli.is/static/files/2020/adgerdaraetlun-gegn-einelti-og-ofbeldi-i-lundarskola_uppfaert2020_pdf.pdf)

**Nemendaverndarráð:** Samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð nr. 584/2010 starfar nemendaverndarráð í Lundarskóla. Þar er gert ráð fyrir samstarfi við fulltrúa heilsugæslu og sérfræðiþjónustu skóla. Það skal m.a. fjalla um skipulag og framkvæmd sérkennslu innan skólans. Nemendaverndarráð skal einnig gefa skólastjóra ráð um hvernig best skuli stuðlað að jákvæðu námsumhverfi fyrir nemendur og alhliða velferð þeirra. Í ráðinu eiga sæti skólastjóri, deildarstjórar, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og starfsmenn frá fjölskyldu deild Akureyrarbæjar.

**Námsráðgjafi:** Við Lundarskóla starfar Hildur Mist Pálmarsdóttir sem náms- og starfsráðgjafi. Skrifstofa Hildar er staðsett á starfsmannagangi í Lundarskóla.

Viðvera námsráðgjafa er allajafna frá kl. 08:15 til 14:30 alla daga. Hér er slóða nánari upplýsingar:

<https://www.lundarskoli.is/is/farsaeld-barna/namsradgjof>

Verkefnastjóri stoðþjónustu er Kristín Irene Valdemarsdóttir og tengiliður Lundarskóla um farsæld barna er Fjóla Dögg Gunnarsdóttir, deildarstjóri eldra stígs.

## Skólaheilsugæsla

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Þjónusta heilsuverndar skólabarna er skráð í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar. Unnið er samkvæmt leiðbeiningum Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og Embættis landlæknis um heilsuvernd grunnskólabarna. Heilsuvernd skólabarna ([throunarmidstod.is](http://throunarmidstod.is))

Skólahjúkrunarfræðingur er Anna Karen Sigurjónsdóttir

viðverutími hennar er eftirfarandi:

Mánudaga: 8-14:18 (frí annan hvern mánudag - vinnustytting)

Þriðjudaga: 8-15:15

Miðvikudaga: 8-15:15

Föstudaga: 8-15:00

Hér er slóð á nánari upplýsingar um skólaheilsugæslu:

<https://www.lundarskoli.is/is/farsaeld-barna/skolaheilsugaesla>

## Fræðslu- og lýðheilsusvið

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er veitt af skólateymi fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Í skólateyminu eru bæði sálfræðingar og sérkennarar. Þeir taka við óskum um aðstoð frá skólanum og eru foreldrar hvattir til að ræða við umsjónarkennara eða stjórnendur ef þeir hafa áhuga á að leita aðstoðar eða ráðgjafar hjá starfsfólki fjölskyldudeildar. Fundir nemendaverndarráðs koma málefnum nemenda til fjölskyldudeildar.

## Samstarf við grenndarsamfélag

---

### Samstarf við leikskóla

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Samstarf Lundarskóla og Lundarsels/Pálmholts miðar að því að stuðla að farsælum flutningi nemenda milli skólastiga. Í því felst að leggja áherslu á að skapa tækifæri fyrir leikskólabörn að:

- kynnast umhverfi og starfi grunnskólans
- mynda tengsl við eldri og yngri nemendur í grunnskólanum
- kynnast starfsfólki grunnskólans
- viðhalda tengslum barna við leikskólann eftir að þau byrja í grunnskóla

Kennarar á báðum skólastigum eiga samstarfsfundi þar sem leitað er leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra. Á

samstarfsfundum eru 1-2 leikskólakennarar frá hverjum leikskóla, leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri, umsjónarkennarar 1. bekkjar og deildarstjóri yngra stigs Lundarskóla. Í upphafi hvers skólaárs er gerð samstarfsáætlun sem Lundarskóli og Lundarsel/Pálmholt vinna eftir. Áætlunin er gerð í samstarfi á milli skólana með aðkomu þeirra sem eiga hlut að máli hverju sinni.

## Samstarf við framhaldsskóla

Gott samstarf er á milli grunn- og framhaldsskóla og er það í höndum umsjónarkennara á unglingsstigi, námsráðgjafa og deildarstjóra að halda utan um verkefnið á vegum Lundarskóla. Eftirfarandi skipulag er í föstum skorðum en einnig er samstarf um önnur óskipulögð verkefni sem falla til hverju sinni.

Nemendur í 9. og 10. bekk fá upplýsingar um nám á framhaldsskólastigi og einkum þá skóla sem eru í heimabyggð. Ef nemendur óska eftir frekari kynningu á öðrum skólum er brugðist við því.

Nemendur í 9. bekk fá kynningu á vorin frá VMA og MA.

Nemendur í 10. bekk fara í skólaheimsóknir á haustin í VMA og MA. Þeir fá einnig kynningu og tíma með námsráðgjafa til þess að ræða framhaldsskólaval. Nemendur í 10. bekk koma allir í einstaklingsviðtöl til námsráðgjafa þar sem val á framhaldsskóla er rætt meðal annars.

Ef skólanum býðst að koma í heimsókn í framhaldsskóla í nær sveitum þá þiggur hann það boð.

Framhaldsskóli og grunnskóli vinna saman þegar kemur að nemendum sem innritast á starfs- og/eða sérnámsbrautir. Grunnskóli sendir upplýsingar um fjölda nemenda sem óskað er eftir viðtali fyrir á vorönn áður en innritun hefst. Í viðtali er farið yfir stöðu nemandans og eru það nemandi, forsjáraðili og fulltrúi skóla sem sitja viðtalið.